


**Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri árshelmingi 2017**

<b>Rekstur</b>	Samstæða <b>2017</b>	Samstæða <b>2016</b>	Samstæða <b>2015</b>	Samstæða <b>2014</b>	Samstæða <b>2013</b>
Fjárhæðir í m.kr.	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún
Rekstrartekjur .....	6.234,8	6.235,0	5.711,5	5.756,6	5.351,2
Aðrar tekjur .....	7,4	6,0	2,4	11,0	14,4
Vöru- og umbúðanotkun .....	(3.424,2)	(3.422,9)	(3.306,7)	(3.469,1)	(3.080,2)
Laun og tengd gjöld .....	(1.456,0)	(1.327,1)	(1.086,0)	(1.035,3)	(980,7)
Annar rekstrarkostnaður .....	(953,6)	(859,2)	(794,3)	(731,0)	(780,9)
Afskriftir .....	(198,6)	(184,6)	(157,0)	(157,2)	(144,2)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>209,8</b>	<b>447,2</b>	<b>369,9</b>	<b>375,0</b>	<b>379,6</b>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	0,0	0,0	(4,2)	14,0	10,1
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(52,2)	(70,1)	(62,7)	(74,3)	(105,2)
<b>Hagn. fyrir skatta</b>	<b>157,6</b>	<b>377,1</b>	<b>303,0</b>	<b>314,7</b>	<b>284,5</b>
Tekjuskattur .....	(28,6)	(72,1)	(57,9)	(60,1)	(54,9)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<b>129,0</b>	<b>305,0</b>	<b>245,1</b>	<b>254,6</b>	<b>229,6</b>
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>405,0</b>	<b>627,1</b>	<b>525,3</b>	<b>528,5</b>	<b>518,9</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>30.06.17</b>	<b>30.06.16</b>	<b>30.06.15</b>	<b>30.06.14</b>	<b>30.06.13</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir .....	5.327,9	4.637,4	4.213,9	4.006,3	3.547,9
Veltufjármunir .....	3.469,3	3.426,1	3.438,2	3.236,7	3.244,5
<b>Eignir</b>	<b>8.797,2</b>	<b>8.063,5</b>	<b>7.652,1</b>	<b>7.243,0</b>	<b>6.792,4</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>5.144,8</b>	<b>4.467,5</b>	<b>4.205,8</b>	<b>3.804,8</b>	<b>3.338,5</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	525,2	518,4	508,4	495,6	477,8
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	2.123,1	2.181,5	2.135,3	2.282,7	2.310,0
Skammtímaskuldir .....	1.529,3	1.414,5	1.311,0	1.155,5	1.143,9
<b>Skuldir</b>	<b>3.652,4</b>	<b>3.596,0</b>	<b>3.446,3</b>	<b>3.438,2</b>	<b>3.453,9</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>8.797,2</b>	<b>8.063,5</b>	<b>7.652,1</b>	<b>7.243,0</b>	<b>6.792,4</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	408,4	631,8	526,9	532,2	523,8
Innra virði .....	9,8	8,6	8,3	7,7	7,0
Veltufjárlutfall .....	2,3	2,4	2,6	2,8	2,8
Eiginfjárlutfall .....	58%	55%	55%	53%	49%



Reykjavík, 24. ágúst 2017.

Fréttatilkynning frá Slátturfélagi Suðurlands svf.

### Afkoma á fyrri árshelmingi 2017

- **Tekjur á fyrri árshelmingi 6.235 m.kr. og breytast lítið milli ára.**
- **129 m.kr. hagnaður á fyrri árshelmingi ársins en 305 m.kr. hagnaður árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 408 m.kr. en 632 m.kr. árið áður.**
- **Eigið fé 5.144,8 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 58%.**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélögum þess, Reykjagarði hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Slátturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2017 var 129 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 305 m.kr. hagnaður. Eigið fé Slátturfélagsins er 5.145 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Slátturfélags Suðurlands voru 6.235 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2017 óbreyttar milli ára. Aðrar tekjur voru 7,4 m.kr. en 6 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.424 m.kr. en 3.423 m.kr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um tæp 10%, annar rekstrarkostnaður hækkaði um 11% og afskriftir um tæp 8%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 210 m.kr., en 447 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 408 m.kr. en var 632 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 52 m.kr., en voru 70 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Reiknaður tekjuskattur nam 29 m.kr., en 72 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 129 m.kr. en 305 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 405 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2017, samanborið við 627 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2016. Heildareignir Slátturfélagsins 30. júní voru 8.797 m.kr. og eiginfjárlutfall 58%. Veltufjárlutfall var 2,3 á fyrri hluta ársins 2017, en 2,4 árið áður.

Hækkun fasteigna vegna endurmats var 121 m.kr. Fjárfest var í varanlegum rekstarfjármunum á fyrri árshelmingi 2017 fyrir 519 m.kr. en 253 m.kr. á sama tímabili árið áður. Fjárfest var í fasteignum fyrir 254 m.kr. og vélbúnaði og bifreiðum fyrir 265 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2017 var í aprílmánuði greiddur 12,1% arður af B-deild stofnsjóðs alls 22 m.kr. og reiknaðir 5% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 17 m.kr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Slátturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2017 með undirritun á stjórnarfundi í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Slátturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Slátturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2017 þann 22. febrúar 2018.

### Staða og horfur

Fjárhagsstaða Slátturfélagsins er traust með 58% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,3. Langtímatímaskuldir í lok júní 2017 voru 1.655 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 83 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma.

Afkoma Slátturfélagsins versnaði milli ára en afurðahluti félagsins býr við afar erfið skilyrði. Lágt verð á erlendum mörkuðum fyrir kindakjöt, lokun markaða og gengisstyrking krónu hafði neikvæð áhrif á afkomu á fyrri hluta ársins. Einnig er gert er ráð fyrir að nýr EB tollasamningur muni hafa verulega neikvæð áhrif á innlendan kjötmarkað á næstu árum og því m.a. brýnt að aðlagða kindakjötsframleiðsluna betur að innanlandsmarkaði.

Staða lykilvörumerkja félagsins í kjötiðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stöðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Samt sem áður er reiknað með að erfiðar markaðsaðstæður á kjötmarkaði hafi áfram neikvæð áhrif á afkomu kjötiðnaðar á árinu.



Breytingar á smásöllumarkaði á vormánuðum höfðu neikvæð áhrif á matvöruhlu innflutningsdeildar og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Búvöruhlu innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði fyrir helstu rekstrarvörur bænda. Sala á Yara áburði til bænda gekk vel á fyrri hluta ársins og sala á fóðurbætiefnum og öðrum rekstrarvörum eykst stöðugt.

**Fjárhagsdagatal**

Júlí – desember 2017 uppgjör  
Aðalfundur 2018

22. febrúar 2018  
23. mars 2018

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – [steinthor@ss.is](mailto:steinthor@ss.is)

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – [hjalti@ss.is](mailto:hjalti@ss.is)